

Byltingarárin 1945–1970

Vísanir í skáldskap

Vísanir felast í því að skáldin vísa til einhvers í verki sínu. Skírskotað er til atburða, persóna eða aðstæðna úr samtíð höfundar eða úr sögu og bókmenntum og ætlast er til að lesandinn kunni skil á því og skilji vísunina. Algengt er að bókmenntalegar vísanir séu sóttar til Biblíunnar, einnig þjóðsagna, ævintýra, goðsagna, Íslendingasagna og fleygra kvæða.

Kópernikus

Á kvöldin undir kveiktu tungli og stjörnum
koma þeir heim af ökrunum. Lágan óm
ber vindur frá klukku er álútu höfði og hljóðir
halda þeir stíginn hjá veðruðum róðukrossi (kross með Kristsmýnd)
með feðranna gömlu, gnúðu amboð á herðum
en glaðir að allt skuli bundið svo föstum skorðum:
sjá, þarna tungl og vindar, hér vegur og blóm.

Þeir vita' ekki að hann sem heilsar þeim oft á daginn
hjó þessa jörð af feyskinni rót – og henti
sem litlum steini langt út í myrkur og tóm.

(Kvæðabók, 1955/ný útg. 1967)

Verkefni:

- Finndu og gerðu grein fyrir vísuninni sem er að finna í ljóðinu og útskýrðu um leið hver Kópernikus var og hvers vegna skáldið yrkir ljóð um löngu dauðan mann og tengir hann við viðsjárverða tíma.
- Dragðu fram andstæðurnar – umhverfi ljóðsins og nútímann. Er mikill munur þar á – í hverju felst sá munur?
- Skoðaðu form ljóðsins. Hvaða áhrif hefur línuskipting skáldsins, þ.e. að skipta ekki í ljóðlínur eftir punktum eða þegar hugsun lýkur.